

Halldór Laxness (1902–1998)

Alþýðubókin (*brot*)

Um þrifnað á Íslandi

3

*Pvottur og aðrar mentir*

Þótt alkunnugt sé að íslendíngar eru náttúraðir fyrir óþverraskap, spillir ekki að ámálga þessa heimsfrægð voru einu sinni enn. Verður þá fyrst að minnast á þá ósvinnu sem lýsir sér í leti þeirra að hirða líkama sinn. Það er ekki liðinn nema röskur mannsaldur síðan kaupmaður nokkur fyrir norðan varð nafnkunnur út um sveitir fyrir „að nudda andlitið á sér upp úr vatni á hverjum morgni“. Á þessari öld hafa íslendíngar þó komist svo lángt í hreinlæti að þeir eru yfirleitt farnir að nudda á sér andlitið upp úr vatni einu sinni á dag. Hitt er fágæt undantekning að íslendíngur hafi þá daglegu reglu að þvo sér um líkamann, enda eru baðker sjaldsénir gripir á Íslandi, og fátt þykir útlendum ferðamönnum eftirminnilegra þaðan en það dæmalausa fyrirkomulag að fram til þessa hafa ekki verið til einföldstu baðahöld í neinu íslensku gisti-húsi.

Nú leikur að vísu vafi á því hvort beinlínis sé óholt eða skaðvænlegt heilsu manna að safna utan á líkamann margra mánaða, ára eða áratuga óhreindum, eða a.m.k. er mér ekki kunnugt að vísindamenn hafi komist fyrir það til fuls hvort skítur eða sviti sé beinlínis banvænn. Vist er um það, að sóðar og subbur, sem aldrei þvo sér eða hafa hreinlæti um hönd, virðast lifa við jafngóða heilsu og annað fólk og geta náð háum aldri. Hinu verður ekki mótmælt að lyktin sver þetta fólk í ætt illa hirtra svína, sem betra er að koma ekki nálægt. Og miklu er viðkunnanlegra að vera samvistum við hreinan aula en speking sem lyktar af skít og svita. Ég er fyrirfram sannfærður um að sálar skítugra manna eru ekki hreinni fyrir sitt leyti en líkamir þeirra, og lítinn vafa tel ég á að hreinir hafi þeir höfðingjar verið á Íslandi, sem sömdu sögurnar. Snorri létt gera laug að Reykholti og sat í henni laungum.

Einkum er mönnum sem stunda óhreinlega erfiðisvinnu nauðsyn að lauga sig daglega og iðka vel hreinlæti, og háborin skömm að því að sjást skuli nokkurstaðar verkamannabústaður til sjávar eða sveita, sem ekki er útbúinn með baðherbergi, heitu og köldu vatni. Daglegt bað eykur ekki aðeins á þokka

ósvinna: heimska, ruddaskapur

verkania  
þægilega  
brenniví  
væri að s

Hrein  
menn fai  
sig geðs  
öðrum.  
gagnvart

Íslend  
hverju þ  
uppi í b  
íbúðir h  
fylgir ba  
og þokk  
einlægir  
erfitt að  
sem ann

Einhv  
á að hái  
þeirra. J  
eins. Þa  
líkingu  
mannas  
tagi, sen  
að tala.  
manna,

Nú h  
að gera  
sæmis a  
baðahöl  
geta afl  
gera ek  
fram að  
manna  
varði h  
brýnni  
skyldu,  
skuli ke  
þvo sér

frómur: g

verkamannsins gagnvart sjálfum sér og öðrum mönnum, heldur veitir það þægilega líkamlega tilfinningu og hefur betri siðferðisáhrif en bæði guðsorð og brennivín, sem hefur annars verið afþreying og huggun verkafólks. Hvernig væri að skjóta inn í faðirvorið frómri bæn um „daglegt bað“?

Hreinn líkami veldur þokkalegu sálarlífi. Menn fara að hugsa bjartara; menn fara að vilja fegurð. Hreinir menn eru geðslegir í umgeingni. Viti maður sig geðslegan fyrir sjálfum sér verður hann ósjálfrátt geðslegur gagnvart öðrum. Maður sem veit sig ógeðslegan með sjálfum sér hagar sér ruddalega gagnvart öðrum. Sóðaskapur og ókurteisi helst í hendur.

Íslendíngar geta lært býsnin öll af vesturheimsbúum í þessu tilliti einsog hverju því er snertir almenn lífsþægindi. Þarf sérstaka eftirgremslan til að spryja uppi í bandarískum bæ íbúð sem ekki fylgi baðtæki. Algeingt er að einstakar íbúðir hafi fleiri en eitt baðherbergi, og sérvverju herbergi í góðum gistihúsum fylgir baðklefi. Það er því ekki að undra þótt vesturheimsbúar séu hrein þjóð og þokkaleg. Auk þess eru þeir manna frjálslegastir í hegðun, bjartsýnir menn, einlægir og glaðlyndir. Hinn almenni þjóðarþrifnaður gerir ókunnugum oft erfitt að greina mun á mikilsháttar verslunarhöldi og almennum daglaunamanni sem annars hefur fasta vinnu; svo vel snyrtar eru vinnustéttir þjóðfélagsins.

Einhver mesta andstygð sem ég hef nokkurstaðar orðið var við í landi sem á að hánga í því að heita siðað, er útbúnaður íslenskra salerna og frágángur þeirra. Jafnvel í illræmdustu fátækrahverfum Suðurevrópu þekkist ekki annað eins. Það er enn fremur algeingt í íslenskum sveitum að ekkert sé til á bæum í líkingu við salerni, jafnvel á betri bæum sem svo eiga að heita og embættismannasetrum. Mér er mjög um skap að gerast fjölorður um andstygð af þessu tagi, sem bæði er þjóðarskömm og alsherjarviðbjóður í senn, en einhver verður að tala. Salernislaust heimili er brennimerkt einsog þjófabæli í augum siðaðra manna, og óvönduð salerni eru einhver hroðalegasti viðþjóður sem til er.

Nú hagar viðast svo til um aðrensli og frárensli vatns á Íslandi að auðvelt er að gera vatnssalerni á bæum. Ætti heilbrigðis vegna, þrifnaðar og almenns velsæmis að lögbjóða að hvert íbúðarhús, hvar sem er á landinu, skuli hafa baðahöld og vatnssalerni. Ríkið á að leggja af mörkum styrk til þeirra sem ekki geta aflað þeirra nauðsynja af eigin ramleik eða eru á því villimensekustigi að gera ekki kröfu til þeirra. Nú munu fyrirvars menn sóðaskapar vilja halda því fram að eingan varði út í frá hvort til séu eða ekki almenn þægindi siðaðra manna á afskektum sveitabæ. En með sama rétti má halda því fram að eingan varði hvort á afskektum sveitabæ séu borin út börn eða ræktaðar pestir. Er brýnni nauðsyn að koma á lögskyldu um almennan þrifnað en t.d. skólaskyldu, og merkur vottur öfugsnúðarins í íslenskum hugsunarhætti, að lestur skuli koma á undan sápu og skrift á undan kamri. Þegar þjóðin hefur lert að þvo sér hátt og lágt daglega, og hafa um hönd annan almennan þrifnað, er tími

til kominn að hugleiða hvort hún eigi að hafa því líkan munað sem presta, en varla fyr. Og til hvers er skáldskapur og fagrar listir meðan fólk hefur ekki smekk til þess að hirða sig? Er hægt að búast við því að menn með svart undir nöglum og nit í hári geti notið hinna smágervu og innilegú blæbrigða í æðri listum? Í bernsku var ég þeirrar trúar að trúarbrögð, skáldskapur og listir yrðu oss til blessunar, en nú finst mér brýnni þörf á rafmagnsljósum, baðáhöldum og vatnssalernum. Prestar eru ekki öfundsverðir að boða trú né skáld að yrkja ljóð fyrir skítuga, tannlausa og salernislausa þjóð, sem hefur ekki einu sinni lært að gera frumkröfur siðaðs fólks.

## 4

*Tannskemdir og fúlmenska*

Þá er að snúa sér að tönnunum í háttvirtum kjósendum. Það er einn átakanlegastur misbrestur í uppeldi íslenskrar alþýðu að hún lærir ekki að hirða tennur sínar. Hvar sem ég hef verið samvistum við fólk sömu stéttar í Evrópu og Ameríku, hef ég þóst taka eftir því, að eitt af frumboðorðum þess væri tannhirðing. Það boðorð ætti að standa á fremstu blaðsíðu í hinu kristilega íslenska barnalærdómskveri. Í menníngarlöndum kenna foreldrar börnum sínum hirðíngu munns og tanna um leið og þau kenna þeim að baða sig.

Oft hefur það haldið fyrir mér vöku hvílík feikna áhrif hinar almennu tannskemdir hljóta að hafa á íslenskt þjóðlíf yfirleitt, – ekki aðeins á almenna líðan þjóðarinnar, heldur einnig opinber mál og stjórnarfar. Tannpínusjúklíngar eru stærsti flokkurinn í landinu, og það er ekki of djúpt tekið í árinni þótt sagt sé að íslenskum alþíngismönnum sé lyft í söðulinn af þeim. Og í stað þess að skoðað sé rækilega upp í hvert þíngmannsefni og þínghæfi hans úrskurðað af tönnunum, þá er látið viðgángast umtölulaust að þíngmeirihluta vorn skipi lángþjáðir tannpínumenn. Staðreyndi ég þetta á Alþíngi árið 1925, því þá hafði ég tækifæri til að sjá greinilega upp í íslenska alþíngismenn. Þá var einginn vel tentur í Efri deild nema Sigurður Eggerz. En þeir sem vita hvað nýustu rannsóknir hafa leitt í ljós um áhrif tannskemda á líkama mannsins og sálarlíf, skilja hvílíkt alvörumál þetta er. Ókunnugum vil ég ráðleggja að kynna sér rit eftir dr. Weston A. Price um þessi efni (Dental infections and the degenerative diseases. Tvö bindi. Penton publishing co. Cleveland, Ohio). Þessi merki ameríski læknir hefur valdið gagngerðri byltíngu í heilsurækt með rannsóknum sínum á áhrifum tannskemda á heilsufar manna. Menn með skemdar tennur, beinætur og graftarígerðir yfir annarri hverri tannrót, eru gagnsýrðir af skaðlegum eiturefnum sem flytjast inn í blóðið frá ígerðum þessum. Eitur þetta

nit: lúsaregg

verkar á einstaklíngi sinn með hverjum hætti einsog t. d. vínandi. Einkenni verkana þess lýsa sér í ýmsum tegundum af gikt og hjartveiki, brjóstveiki, magakvillum auk margvíslegra taugatrufiana, sem aftur koma fram í hverskyns skapbrestum, í heimsku, afturhaldsseimi, leti, fílmensku, óhreinskilni, duthlúngum o.s.frv., og leiðir í mörgu falli til brjálsemi. Virðist þannig rétt að gera ráð fyrir því að margt sem óheilbrigtr er og aflaga fer í landinu eigi meira eða minna rót sína að rekja til lángvarandi tannskemda í kjósendum, þíngi og stjórn.

Fyrir utan þann heilsuspilli sem leiðir af vanhirðingu tanna og skemdu, þá eru skemdar tennur og vanhirtar hinn mesti viðbjóður. Maður með spiltar og óhreinar tennur er ekki í húsum hæfur, þótt hann tali í spakmælum og orðskviðum. Menn með grænar og svartar tennur og brendar geiflur ættu að varast að láta sjá sig innanum fólk. Lyktin útúr þeim er afskapleg. Mörg íslensk stúlka hefur orðið af góðu gjafordi, af því að hún gleymdi að hreinsa á sér munninn eftir að hafa borðað fisk, en stúlka með óhreinar og skemdar tennur er als ekki markaðshæf.

Ein orsókin til þess hve íslendíngum hættir til að nota andstyggilegan munnsöfnuð er vafalaust meðvitund þeirra um að munnur þeirra sé skemdur og óhreinn. Tók ég eftir því að Vesturíslendingar eru heimalandanum prúðari í orðbragði og óblótsamari, en þeir hafa yfirleitt vel hirtar tennur, viðgerðar upp á amerískan móð. En það er reynsla mín að því betur sem menn hirða tennur sínar, því kurteisari séu þeir og þokkalegri í orðbragði. Hreinn munnur skapar vandaðan talanda, og menn sem eru óþarflega ruddalegir í kjaftinum ætti að taka með valdi og láta gera upp í þeim tennurnar á sveitarinnar reikning.

Hefði ég efni á að gefa öllum íslendíngum tannbursta, mundi ég gera þjóðinni meira gagn en þótt ég skrifaði handa henni ódauðleg ljóð. En nú hef ég ekki efni á að kaupa hundrað þúsund tannbursta, og bið menn að afsaka það. Ég verð að láta nægja að skrifa bók.

## 5

*Kvef og klæðaburður*

Þá víkur sögunni að hrækíngunum á Íslandi. Sú var tiðin að íslendíngar hræktau hvar sem þeir stóðu, m. a. á gólfin í híbýlum sínum, stundum upp í rjáfrin. Fínni gestir hræktau þó vanalega á bak við mublurnar eða inn í ofniinn. Jafnvel frammá mína daga hafa íslendíngar verið blindir fyrir ósiðsemi hrækíngi, einsog t.d. fyrir því að nota fingurna fyrir vasaklút, éta úr nefinu á sér eða klóra sér í höfðinu og gá síðan undir nöglina. Þegar ég var lítill dreingur gekk ég upp í þeirri dulinni að það væri höfuðtakmark allrar snildar að kunna að hrækja mannalega, og ég átti mér ekki heitari ósk en þá að geta hrækt jafnlángt

og bóndi nokkur í sveitinni. Hann er stundum gloppóttur smekkurinn sem sveitamenníngin fræga skapar í únglíngunum, enda kvað postular hennar sjá hana í mynd úldinnar sauðargæru á hrifnínagarstundum sínum.

Næsta stig íslendíngi í hrækíngalist var að innleiða hrákadallinn í stáss-stofurnar. Í þessu eru nokkrar framfarir og þó hæpnar frá sjónarmiði fegurðar. Vonandi er þó sú tíð í vændum að fullkomnasta stigið náist í þessari grein, en það er að kenna íslendíngum að hætta að hrækja. Hrákadallar sjást ekki hjá síðuðu fólki. Siðaður maður hefur ekki þann ósið að hrækja, jafnvel ekki þegar hann fer einn saman fjarri mannavegum, því síður á borgarstrætum eða innan húss. Hrækíngar eru löstur, nema hjá brjóstveikum mönnum eða kvefuðum, og þeir eiga að liggja í rúminu eða hafa hrákaglas meðferðis að öðrum kosti.

Þá er ég loksns kominn að kvefinu. Sú uppgötvun er fremur óviðkunnanleg sem ferðamenn komast ekki hjá að gera meðal íslendíngi, hvort heldur meðal strandbúa eða dalamanna, og í hvaða stétt þjóðfélagsins sem er: allir barma sér yfir kvefi. Ég minnist hvergi að hafa rekist á þetta eilifa kvefstagl meðal annarra þjóða, líklega af því aðrar þjóðir líta á kvef sem sjúkdóm sem dragi mann í rúmið, og haga sér samkvæmt því.

Þetta lángvarandi íslenska kvef á sér auðvitað ýmsar orsakir. Oft virðist það vera tannskemdaeinkenni einsog giktin og letin. Stundum er orsókin óhófleg notkun á snússi og slæmu reyktóbaki. Aðalástæðan til þessa óþrifnaðar er þó sú, að íslendíngar kunna ekki að klæða sig né gera sér hús í samræmi við kröfur loftslagsins.

I eyjaloftslagi jafnmislyndu og á Íslandi ætti klæðaburður að vera stundaður einsog vísindi. Ættu menn að hafa reglu á því að klæða sig ávalt svo að eingin hætta sé á að veðrið sé þeim til meins. Ef menn temja sér þetta úngir verður þeim öll varkárni eðlileg síðar. Annars er líklegt að íslendíngar hafi kunnað betur að klæða sig áður fyr meðan geingið var í heimagerðum fótum, sem betur svoruðu kröfum veðurfars en klæðnaður sá sem alþýða hefur apað eftir fátækralýð erlendra hafnarborga á síðari tínum. Og gaman er að virða fyrir sér hinn forna stil í sniðum íslensks dalakarls, sem klæddur er yst sem inst úr efni feingnu og unnu heima, frá prjónahettunni niður í skinnsokkana. En einángrunartímar vorir eru nú liðnir og fornleifar það sem geymst hefur frá þeim, svo sem still kotúngsins.

Pannig nær það ekki framar nokkurri átt að ætla að kenna íslenskri nútíma-alþýðu að klæðast einsog bændur gerðu á átjándu öld. Lífskjör og hættir hafa tekið stakkaskiftum. Hitt er að harma að það sem komið hefur í stað gamla sniðsins er fálm eitt, í klæðaburði sem á flestum öðrum sviðum. Sjást t. d. óvíða í löndum jafnóbjörgulega klæddir verkameðl og á Íslandi. Stílfesta eða stílleysi hinna ytri háttu er ólygnastur vottur um styrkleik sálarinnar. Pannig er ræfils-

legur útgángur manna að starfi vottur skeytíngarleysis og skorts á virðingu fyrir gildi starfsins, yfirlýsing trúleysis á köllun hinnar vinnandi handar, – ósamræmi og ófrýnleiki ytri háttu vottur um hatur og viðbjóð mannsins á verki sínu. Maður sem ber virðingu fyrir starfi sínu og stétt á þann hæfileik sem þarf til að skapa samræmisbundið snið í hinu ytra. Stíll hvers manns er ævinlega fagurfræðilegt tákni, form sem skýrir frá samræmisauði – eða örþingð – sálarinnar. Góður verkamaður, hvert starf sem hann stundar, er aldrei glæsilegri en að starfi sínu. Vélsmiðurinn í þykum útmökuðum samfesting utanyfir leðurúlpu og köflóttri skyrtu, með þraunga kollhúfu og hendurnar kámaðar í vélafeiti, er miklu glæsilegri mynd og sterkara stílfyrirbrigði að starfi sínu en á sunnudögum þegar hann hefur dubbað sig upp í sniðlaus sparifót, með hálstau sem fer illa, og sunnudagaskó keypta á útsölu, – slæm stæling af borgara.

Klæðnaður íslenskra verkamanna er tíðum áþekkari tötrum ölmusumanna, flakkara eða galeiðuþræla en frjálsra manna, – sín druslan úr hverri áttinni, ýmist rifnar eða fáránlega stagaðar, sniðlausar, halldlausar og skjóllausar, ef ekki aflóga sparifót. Ekki er fátítt að sjá íslenska alþýðumenn þannig klædda við vinnu sína, að útgángurinn minnir fremur á skrípatrúð á fjölleikahúsi eða fuglahræðu en frjálsborna sonu hinnar horsku framleiðslustéttar. Stundum gánga þeir ókliptir og illa rakaðir. Af þessu afkáralega últiti má ráða að líkindum, að eitthvað muni bogið við hugarfarið.

En snúum aftur af þessu fagurfræðilega hliðarspori, og víkjum á ný að heilbrigðishlið íslensks klæðaburðar. Um klæðaburð gegnir sama máli og flest annað þar sem stofna skal til umbóta, að mestu varðar að hert sé á kröfunum. Ef siðferðisvitund manna hefur risið til þess aðals að fordæma kvefpest og kuldabasi, þá er leiðin þegar opnuð til bóta. Það er frumskilyrði að gleyma aldrei að það er glæpsamlegt að vera fátækur á þessari ríku jörð. Sjá ritgerðina Skemtigarðana í San Francisco síðar í þessum flokki.

Verkamenn sem stunda atvinnu úti að vetrarlagi eiga t. d. að klæðast hlýum ullarnærfötum og silkinærfötum innanundir, einsog veiðimenn gera í Alaska og Norðurkanada á vetrum. Vindheldar leðurtreyur eru áfýsilegar í þurrakuldum, en frakkar í hermannastíl nauðsynlegir í regni og krapahríðum. Ennfremur er nauðsynlegt að menn sem hafa útistöður að vetrarlagi til sjávar og sveita, klæðist loðfeldum. Slitmíkill skófatnaður er óviða mikilsverðara atriði en á Íslandi, og hefur trassaskapur í fótabúnaði orðið mörgum íslendíngi að fjörlesti eingu síður en trassafeinginn útbúnaður á sjó og óvarkárlegar sjóferðir. Íslensku skórnir eru glannaleg verkfæri í augum manna sem nokkurs meta heilsu sína. Togleðursskórnir sem nú er verið að prángu inn á verkamenn eru síst betri, með

horskur: vitur, gáfaður  
áfýsilegur: ákjósanlegur  
verða að fjörlesti: bana  
togleðursskór: gúmmiskór

því þeir byrgja inni alla útgufun frá fætinum og valda ekki síður óhollustu en óvatnsheldur skófatnaður. Lipur, háleggjuð hermannastígvél eru vafalaust einna áfýsilegastur skófatnaður íslenskum verkamönum til sjávar og sveita. Það er hjátrú ein, sem oft heyrist flutt í sveitum, að hnéhár leðurskófatnaður sé óhæfur í íslenskum fjöllum að vetrarlagi. Ég hef sjálfur notað slíkan skófatnað um hávetur á ferðalagi yfir öræfi Norðausturlandsins, og gafst prýðilega.

1929

## Únglíngurinn í skóginum

Mig dreyndi ég geingi útí skóg einsog í fyrra  
þegar ég gekk útí skóg með stöllu minni; og stóð ein  
í rjóðrinu við lækinn.

Og þá kemur únglíngurinn í skóginum með  
úngan teinúng í hendi, klæddur skikkju ofinni úr  
laufum.

Og hann hleypur frammá bakkann, lýtur niðrað  
læknum, eys upp vatni í lófa sér, þeytir á loft og  
segir:

(Hann:)

Eia!  
Eia perlur! Eia gimsteinar!  
Eia leikur  
leikur í sólskini  
útí skógi!  
Hver fór í skóginn,  
kysti animónur og hló,  
animónur og animónur  
og fór að gráta?  
Táta,  
kondu táta,  
kondu litla nótintáta  
að kyssa pótintáta  
útí skógi!